



1. útgáfa 07.06.2016

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

| | | | |
|---|--|----------------------|--|
| 1.1 Vörukenni: | Exxsol Hexane 200ltr. | | |
| Vörunúmer: | 1725 71540200 | | |
| 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá: | Viðeigandi notkun Eldsneyti, leysiefni. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi. | | |
| 1.3 Söluaðili: | N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur Sími: 4401000 | Framleiðandi: | Chemex Products ApS Øster Madevej 8 DK-6200 Åbenrå Danmörk 00-45-7462-9192 chemex@chemex.dk www.chemex.dk |
| Netfang: | n1@n1.is | | |
| Veffang: | www.n1.is | | |
| 1.4 Neyðarsímanúmer: | Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112. | | |

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

| | | |
|------|--|-----------------------|
| H225 | Mjög eldfimur vökvi og gufa | Eldf.vökvi 2 |
| H304 | Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. | Eit. v. ásvelg. 1 |
| H315 | Veldur húðertingu | Húðert.2 |
| H336 | Getur valdið sljóleika eða svima | SEM-VES 3 |
| H361 | Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði | Eit.á æxlun 2 |
| H373 | Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif | SEM-EV 2 |
| H411 | Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum | Langv. eit. á vatn. 2 |

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörðunarorð

HÆTTA

Hættusetningar

| | |
|------|--|
| H225 | Mjög eldfimur vökvi og gufa |
| H304 | Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. |
| H315 | Veldur húðertingu |
| H336 | Getur valdið sljóleika eða svima |
| H361 | Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði |
| H373 | Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif |
| H411 | Eitrað lífi í vatni með langvinnum áhrifum |

Varnaðarsetningar

| | |
|------|---|
| P101 | Ef leita þarf lækni skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk. |
| P102 | Geymist þar sem börn ná ekki til. |
| P103 | Lesið merkimiðann fyrir notkun. |
| P201 | Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun. |
| P202 | Nauðsynlegt er að lesa og skilja allar viðvaranir áður en efnið er notað. |

| | |
|----------------|---|
| P210 | Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar. |
| P233 | Ílát skal vera vel lukt. |
| P240 | Jarðtengið/spennujafnið ílát og viðtökubúnað. |
| P241 | Notið sprengiheld rafföng/loftræstibúnað/lýsingu. |
| P242 | Notið ekki verkfæri sem mynda neista. |
| P243 | Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. |
| P260 | Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi. |
| P264 | Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun. |
| P271 | Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými. |
| P273 | Forðist losun út í umhverfið. |
| P280 | Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughnlífir/andlitshlífir. |
| P301+P310 | EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni. Framkallið ekki uppköst. |
| P302+P352 | BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu. |
| P303+P361+P353 | BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í háir): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu. |
| P304+P340 | EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun. |
| P308+P313 | EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið lækni. |
| P312 | Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart. |
| P331 | EKKI framkalla uppköst. |
| P332+P313 | Ef efnið ertir húð: Leitið lækni. |
| P362+P364 | Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun. |
| P370+P378 | Ef eldur kemur upp: Notið vatnúða, froðu, slökkvilduft eða koldíoxíð til að slökkva eldinn. |
| P391 | Safnið upp því sem hellist niður. |
| P403+P235 | Geymist á vel-loftræstum stað. Geymist á köldum stað. |
| P405 | Geymist á læstum stað. |
| P501 | Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku. |

Inniheldur: Vetniskolefni, C6-n-alkana, ísóalkana, hringsambönd, auðgað af n-hexan.

2.3 Aðrar hættur:

PBT/vPvB: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

| Vetniskolefni, C6-n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, auðgað af n-hexan. | | | |
|--|------------------|-----------------------|-------|
| Skráningarnúmer ECHA | 01-2119474209-33 | Innihald % | 100,0 |
| Raðnúmer | - | Varnaðarmerki: | |
| EINECS, ELINECS | 925-292-5 | H-setningar | |
| CAS | - | Flokkun, hættumerking | |
| Hættuflokkun/Hættusetningar | | | |
| Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v.ásvelg.1 - H304 , Húðert.2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , Eit.á æxl.2 - H361f , SEM-EV -2 - H373 , Langv.eit.á vatn 2 - H411 | | | |

Innihaldsefni, sem eru hlutar af ofangreindu, sem flokkast undir UVCB (Substance of Unknown or Variable composition, Complex reaction products or Biological materials), og hafa skilgreindar takmörkunarfærileytur.

| Sýklóhexan | | | |
|---|-----------|-----------------------|---|
| Skráningarnúmer ECHA | - | Innihald % | < 5 |
| Raðnúmer | - | Varnaðarmerki: | F, Xi, Xn, N |
| EINECS, ELINECS | 203-806-2 | H-setningar | H11, H38, H50/53, H65, H67 |
| CAS | 110-82-7 | Flokkun, hættumerking | Hættulegt heilsu, Ertandi, Eldfimt, Hættulegt umhverfinu, |
| Hættuflokkun/Hættusetningar | | | |
| H225 Eldf.vökvi.2 - H304 Eit.v.ásvelg.1 - H315 Húðert. 2, H336 SEM-VES 3 - H400 Bráð eit.á vatn 1 - H410 Langv.eit.á vatn 1 | | | |

| N-hexan | | | |
|---|-----------|-----------------------|--|
| Skráningarnúmer ECHA | - | Innihald % | 50,0 |
| Raðnúmer | - | Varnaðarmerki: | F, N, Xi, Xn Repr.Cat. 3 |
| EINECS, ELINECS | 203-777-6 | H-setningar | H11, H38, H48/20, H51/53, H62, H65, H67 |
| CAS | 110-54-3 | Flokkun, hættumerking | Mjög eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu, |
| Hættuflokkun/Hættusetningar | | | |
| Eldf.vökvi 2 - H225, Eit.v.ásvelg.1 - H304, Húðert.2 - H315, SEM-VES 3 - H336, Eit.á æxl.2 - H361f, SEM-EV -2 - H373, Langv.eit.á vatn 2 - H411 | | | |

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

| | |
|--------------------------|---|
| Almennt | Leitið lækni ef vafi leikur á ástandi hins slasaða. |
| Innöndun | Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið strax lækni við ertingu í öndunarvegi, svima, ógleði eða meðvitundarleysi. |
| Snerting við húð | Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. |
| Snerting við augu | Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. |
| Inntaka | Framkallið EKKI uppköst. Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Leitið strax lækni. |
| Til hjálparliða | Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið. |

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lið 11, m.a. um hugsanlega fósturskaða. Varan myndar gufur lífrænna leysiefna sem geta valdið sljóleika og svima. Sé styrkur mjög, hár, getur það valdið höfuðverk og eitrunareinkennum, svo sem svima, sljóleika, ógleði og öðrum áhrifum tengdum miðtaugakerfi. Einnig skort á tilfinningu, vöðvakrampa, kraftleysi, lömun, einkennum getur seinkað. Kláði, verkir, roði og bólgur í húð.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Gefið súrefni sé um öndunarerfiðleika að ræða. Haldið hinum slasaða heitum. Gætið þess að hjálparliðar hafi upplýsingar um eðli eitrunar og geti gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Inntaka getur valdið ásvelgingu og lungnabólgu eða -bjúg, sem þarfnast viðeigandi meðferðar. Adrenalín og skyld lyf geta valdið hjartsláttartruflunum hjá fólki sem komist hefur í snertingu við háan styrk lífrænna leysiefna (í lokuðum rýmum og þar sem loftræsting er ófullnægjandi). Meta skal hvort beita skuli öðrum deyfilyfjum sem hafa minni áhrif á hjartslátt. Fólk með taugasjúkdóma ætti að forðast váhrif. Inniheldur hexan.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

| | |
|----------------------------------|--|
| Hentugur slökkvibúnaður: | Koldíoxíð, froða, slökkviduft, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða. |
| Óhentugur slökkvibúnaður: | Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi. |

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast reykur, kolefnisoxíð, nitroxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, reykur og eitruðar og daunillar gufur. Varan er mjög eldfim. Gufa er eldfim og þyngri en loft. Hún berst með gólfi og að hugsanlegum eld- og neistagjöfum. Blossamark: -20°C. Sjálfendrun: >200°C.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa sé það unnt. Varan getur myndað hálkubletti. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni, notið neista- og sprengivarin áhöld. Notið viðeigandi persónuhlífar, sér í lagi hanska. Vinnið vindmegin við mengað svæði. Mælt er með notkun efnahelds hlífðarfatnaðar (t.d. skv. EN-943-2).

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Efnið flýtur á vatnsyfirborði. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Notið neistavarin áhöld. Gangið ekki í losuðu efni. Takmarkið gufumyndun með kvoðu. Notið persónuhlífar. Athugið að vatnsúði getur dregið úr gufumyndun en ekki komið í veg fyrir tendrun. Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Notið neista- og sprengivarin áhöld. Jarðtengið ílát. Kröftug hræsra getur myndað eldfimar, eitraðar og ertandi gufur.

Notið ekki raftæki sem mynda neista á vinnusvæði. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tryggið skýrar merkingar á vinnusvæði. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt eða farið á salerni. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar. Tryggið aðgang að rennandi vatni og augnskoli á vinnusvæði.

7.2 Örug geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Gætið vel að eldvörnum. Geymið fjarri, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum. Jarðtengið ílát til að forðast uppsöfnun stöðurafmagns. Heppileg umbúðaefni: Svart og ryðfrítt stál, pólýetýlen, pólýprópýlen, pólýester, teflon. Óheppileg umbúðaefni: Náttúrugúmmí, bútýlgúmmí, EDPM, pólýstýren.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Eldsneyti.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Vísað er til laga og reglugerða um mengun og loftgæði á vinnustöðum. Gera ætti mengunarmælingar á vinnustað til að tryggja að styrkur mengandi efna sé innan viðmiðunarmarka.

| Efni: | 8 klst ppm | 8 klst mg/m ³ | Þakgildi 15 mín ppm | Þakgildi 15 mín mg/m ³ | Athugasemdir |
|---|------------|--------------------------|---------------------|-----------------------------------|---------------|
| Vetniskolefni, C6-n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, auðgað af n-hexan. | 85 | 300 | - | - | Exxon |
| N-hexan | 20 | 72 | - | - | Skaðar fóstur |
| Sýklóhexan | 50 | 172 | - | - | |

| Vetniskolefni, C6-n-alkanar, ísóalkanar, hringsambönd, auðgað af n-hexan. | | | | | |
|---|-------------------|---------------|------------|-------|-------------------|
| Notkunarsvið vöru | Snertileið | Lýsing áhrifa | Mæliaðferð | Gildi | Eining |
| Atvinnutengt | Fólk, innöndun | Langtíma | DNEL | 93 | mg/m ³ |
| Atvinnutengt | Fólk, ísog um húð | Langtíma | DNEL | 13 | mg/kg/líkamsþ/d |
| Neytendatengt | Fólk, innöndun | Langtíma | DNEL | 20 | mg/m ³ |
| Neytendatengt | Fólk, ísog um húð | Langtíma | DNEL | 7 | mg/kg/líkamsþ/d |
| Neytendatengt | Fólk, inntaka | Langtíma | DNEL | 6 | mg/kg/líkamsþ/d |

DNEL Derived no effect level

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Reykið ekki. Tryggið aðgang að sturtu og augnskoli á vinnustað.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlífðarvörn (EN 166).

Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska t.d. úr nitrilgúmmíi. (EN 374).

Þykkt 0,38 mm, gegnstreymistími >480 mín.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Öndunarfæri

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (EN 136-140-405), með síu ætlaða lífrænum gufum (gerð A)(EN 143-149).

Við mjög háan styrk gufu ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað.

Umhverfi

Tryggið að losun sé innan leyfðra marka.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

| | |
|-----------------------------|------------------------------|
| Eðlisástand: | Vökvi |
| Lykt: | Stingandi |
| Litur: | Glær, litlaus |
| Bræðslumark: | - |
| Suðumark: | 55-85°C |
| Blossamark: | <-20°C |
| Eldfimi: | Afar eldfimt |
| Sjálftendrunarmörk í lofti: | >200°C |
| Lægri sprengimörk í lofti: | 1,2% |
| Hærrí sprengimörk í lofti: | 8,3% |
| Uppgufunarhraði: | 14 (bútýl asetat=1) |
| Gufuþrýstingur (20°C): | 18,00 kPa |
| Eðlismassi gufu (loft=1): | >1 |
| Eðlismassi (15°C): | 0,65-0,7 g/cm ³ |
| Leysni í vatni: | Óleysanlegt |
| Seigja: | <1 mm ² /s (20°C) |
| Sprengifimi | Varan er ekki sprengifim. |
| Oxandi eiginleikar | Varan er ekki oxandi. |

9.2 Aðrar upplýsingar:

| | |
|---------------|--------|
| Rennslismark: | <-20°C |
|---------------|--------|

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Sjá að neðan.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður og skv. leiðbeiningum framleiðanda

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki er vænst hættulegrar fjölliðunar..

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafir, forðist uppsöfnun gufu.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna og niðurbrot geta myndast reykur, kolefnisoxíð og eitraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngr en andrúmsloft og getur borist með gólfi eða jörð að íkveikjuvaldi.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

| Vetniskolefni, C6-n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, auðgað af n-hexan. | | | | | |
|--|------------------|--|------------|----------------------|---|
| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
| Bráð eiturhrif, inntaka | LD ₅₀ | >5000 | mg/kg | rotta (OECD 401) | Niðurstöður uppfylla ekki flokkunarviðmið |
| Bráð eiturhrif, ísog um húð | LD ₅₀ | >3350 | mg/kg | kanína (OECD 402) | Niðurstöður uppfylla ekki flokkunarviðmið |
| Bráð eiturhrif, innöndun | LC ₅₀ | >20 | mg/L 4klst | rotta (OECD 403) | Niðurstöður uppfylla ekki flokkunarviðmið |
| Húðæting/erting | | Veldur ertingu við langvinn váhrif | | OECD 404 | |
| Alvarlegur augnskaði | | Veldur vægri ertingu | | OECD 405 | |
| Næming, húð eða öndunarfæri | | Neikvætt | | OECD 406 | Byggt á skyldum efnunum |
| Stökkbreytingar kímfruma | | Neikvætt | | OECD 471,473,475,476 | Byggt á skyldum efnunum |
| Krabbamein | | Neikvætt | | OECD 451 | |
| Eitrun æxlunarfæra | | Sýnt hefur verið fram á eitrun í dýratilraunum en tengsl við hugsanlega eitrun hjá fólki eru óljós. (OECD 414-416) | | | |
| Sértæk eiturhrif á marklíffæri (eitt skipti) | | Getur valdið sljóleika og svima | | | |
| Sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurtekin) | | Langvinn váhrif eða við háan styrk geta valdið skaða á líffærum. Byggt á niðurstöðum á rannsóknum svipaðra efna. | | | |
| Ásvelgingarhætta | | Getur valdið lungnabólgu við inntöku eða uppköst. | | | |

Annað

Lítið magn efnisins sem berst í lungu við inntöku eða uppköst getur valdið lungnabólgu eða lungnabjúg. Mikil váhrif af völdum létttra vetniskolefna getur valdið truflunum á hjartslætti. Streita einstaklinga ásamt miklum váhrifum, auk notkunar hjartaörvandi lyfja, t.d. adrenalíns, nefúða, astmalyfja, getur truflað hjartslátt.

HEXAN (ísómerablenda): Við dýratilraunir með efnið í tvær kynslóðir, var staðfest að líkamsþyngd annarrar kynslóðar minnkaði við háan styrk (9000ppm). Ekki var staðfest nein breyting á frjósemi. Framangreind áhrif voru aðeins staðfest við styrk sem var langt yfir viðviðunarmörkum.

Langvinn eða endurtekin snering getur valdið síauknum og varanlegum skaða á miðtaugakerfi (útlimir). Samhliða váhrif af völdum metýl etýl keton (MEK) eða metýl bútýl keton (MBK) auka þessi áhrif hjá tilraunadýrum.

Samsvarandi áhrif á fólk eru ekki þekkt.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

| Vetniskolefni, C6-n-alkanar, ísóalkanar, hring sambönd, auðgað af n-hexan. | | | | | |
|--|-------------------|--|---------|------------|--------|
| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| Eiturhrif | LC ₅₀ | >1 mg/l | 48 klst | Fiskar | |
| Eiturhrif | LC ₅₀ | 3,9 mg/l | 48 klst | Daphnia | |
| Eiturhrif | EbL ₅₀ | 55 mg/l | 72 klst | Þörungur | |
| Þrávirgni og niðurbrot | | 98,0% | 28 d | | |
| Uppsöfnun í lífverum | | Rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir | | | |
| Dreifanleiki í jarðvegi | | Hröð uppgufun, brotnar hratt niður í lofti | | | |
| Mat á PBT / vPvB | | Flokkast ekki sem slíkt | | | |

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 08 XX XX

Óhreinir umbúðir

Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Fylgið leiðbeiningum sé ætlunin að hreinsa og endurnýta umbúðir. Athugið að tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Óhreinsaðar umbúðir má alls ekki skera, slípa, lóða, sjóða eða gera nokkuð sem gæti myndað neista og þar með tendrun eða sprengingu, og valdið slysaþættu.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Númer 1208
Efnisheiti v. flutninga: FLAMMABLE LIQUID (HEXANES)
Hættuflokkur: 3
Hættuundirflokkur: 33
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Já
Takmörkun v. Jarðganga: D/E

Varúðarmerking



IATA:
UN Númer 1208
Efnisheiti v. flutninga: FLAMMABLE LIQUID (HEXANES)
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II



IMDG:
UN Númer 1208
Efnisheiti v. flutninga: FLAMMABLE LIQUID (HEXANES)
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II
EMS: F-E, S-D
Sjávarmengandi: Já



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram á einu eða fleiri innihaldsefnum.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

| | |
|-------|---|
| H225 | Mjög eldfimur vökvi og gufa |
| H304 | Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg. |
| H315 | Veldur húðertingu |
| H336 | Getur valdið sljóleika eða svima |
| H361f | Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði |
| H373 | Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif |
| H400 | Mjög eitrað lífi í vatni |
| H410 | Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif |
| H411 | Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif |

Útgáfa: 1
Dags: 07.06.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimildir: **CHEMEX PRODUCTS APS**
SIKKERHSDATABLAD
EXXOL HEXANE

Útgáfa: 03.06.2015